



Tillögur um þátttöku Reykjavíkurborgar í Nordic Safe Cities 2020

1. Lagt er til að stofnaður verði starfshópur sem stýri verkefninu Nordic Safe Cities fyrir hönd borgarinnar. Fulltrúar verði sérfræðingur í jafnréttis- og hinseginmálum frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu sem jafnframt leiðir hópinn, fulltrúi frá umhverfis- og skipulagssviði, sérfræðingar á sviði ofbeldismála og forvarna sem snúa að börnum, bæði frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar og Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, ásamt fulltrúa Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu með þekkingu á hatursorðræðu.

Ábyrgð: Ofbeldisvarnarnefnd og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa.

Kostnaður: Innan ramma sviða/deilda sem eiga fulltrúa í starfshópnum.

2. Lagt er til að fulltrúar Reykjavíkurborgar ásamt fulltrúa lögreglunnar taki þátt í fundum Nordic Safe Cities árið 2020. Fyrirhugaður er fundur í Álaborg, 3.-4. nóvember 2020.

Ábyrgð: Starfshópur Nordic Safe Cities og MAR.

Kostnaður: Ferða – og gistikostnaður áætlaður um 350.000 isk á mann og greiðist af starfseiningum hvers fulltrúa.

Greinargerð:

Reykjavíkurborg er aðili að Nordic Safe Cities (NSC) sem er tengslanet og samvinnuvettvangur borga á Norðurlöndunum sem vilja efla öryggi borgara sinna ásamt því að vinna gegn öfgahyggju og hatri. Árið 2020 munu aðildarborgir hittast á fundi í Danmörku og á nokkrum fjarfundum, deila hugmyndum og vinna að eigin verkefnum undir leiðsögn og með álitsgjöf frá verkefnastjórn Nordic Safe Cities. Þátttaka Reykjavíkurborgar snertir ýmsar stofnanir og svið borgarinnar sem verður best sinnt með starfshópi sem í eiga sæti fulltrúar frá þeim. Fyrsta verkefni starfshópsins verður að vinna aðgerðaráætlun um forvarnir gegn hatri og öfgahyggju og verður hún unnin í samstarfi við verkefnastjórn og aðra aðila í verkefninu Nordic Safe Cities.

Þátttaka í Nordic Safe Cities felur í sér að sækja fundi NSC þar sem þekkingu er miðlað og unnið er að raunhæfum verkefnum. Fundur verður haldinn 3-4 nóvember, 2020 í Álaborg. Hverri aðildarborg býðst að senda fimm fulltrúa. Hvert svið og/eða stofnun greiðir ferða- og gistikostnað fyrir sinn fulltrúa. Frekari upplýsingar má finna hér: <https://nordicsafecities.org/>